

[Til baka](#)[Prenta](#)

Oddi bs - 1

**Haldinn Suðurlandsvegi 1-3,
11.1.2016 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu: Þorgils Torfi Jónsson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Sólrún Helga Guðmundsdóttir, Nanna Jónsdóttir og Ágúst Sigurðsson

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson

Egill Sigurðsson boðaði forföll

Dagskrá:

Almenn mál

1. 1512030 - Vinnureglur stjórnar Odda bs

Fundaáætlun, verkaskipting ofl.

Niðurstaða fundar:

1.1. Fundaáætlun stjórnar og fræðslunefndar

Reiknað er með að stjórn Odda bs fundi sem hér segir fram til vors: 22/2, 21/3, 25/4, 23/5 og 27/6. Þá er áætlað að fræðslunefnd fundi 28/1 og 19/5.

1.2 Framkvæmdastjórn

Samkvæmt samþykktum Odda bs þá fer sveitarstjóri Rangárþings ytra með framkvæmdastjórn byggðasamlagsins. Stjórn Odda bs veitir framkvæmdastjóra fullt umboð til að samþykkja reikninga fyrir hönd byggðasamlagsins. Einnig er forstöðumönnum fræðslustofnana veitt umboð til að samþykkja reikninga eins og verið hefur.

1.3 Útfærsla á fræðslunefnd.

Útfæra þarf vinnulagið gagnvart næsta skólaári m.a. hvenær fundað er með áheyrnarfulltrúum. Ákveðið að fela framkvæmdastjóra að vinna tillögur og leggja fyrir stjórn.

2. 1512003 - Samþykktir fyrir byggðasamlagið Odda bs

Viðhengi v/ráðningasamninga og önnur atriði sem þarf að útfæra.

Niðurstaða fundar:

Farið var yfir atriði úr samþykktum fyrir byggðasamlagið Odda sem þarf að útfæra eða klára.

2.1 Áætlun til fjögurra ára (3. gr.)

Ákveðið að beina undirbúningi að slíkri áætlun til umræðu hjá fræðslunefnd.

2.2 Um réttindi og skyldur starfsmanna (5. gr.)

Framkvæmdastjóra falið að sjá til þess að gerður verði viðauki með öllum núgildandi ráðningarsamningum þar sem fram kemur að breytingar á rekstrarformi skerða á engan hátt réttindi og skyldur starfsmanna skólanna.

2.3 Um forgangsröð í leikskóla (6. gr.)

Málið er í farvegi hjá fræðslunefnd.

2.4 Um varamenn í stjórn Odda bs. (7. gr.)

Ekki er tiltekið sérstaklega í samþykktum fyrir Odda bs hverjir séu varamenn oddvita í stjórn en skilningur stjórnar er að varaoddvitar séu varamenn oddvita.

2.5 Um val á endurskoðendum (9. gr.)

Framkvæmdastjóra falið að leita eftir samningi við KPMG um endurskoðun reikningar byggðasamlagsins.

3. 1411084 - Skólastefna Rangárþings ytra og Ásahrepps

Útgáfa og kynning, lógó

Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra falið að gefa út skólastefnu sveitarfélaganna og dreifa á öll heimili í báðum sveitarfélögum.

Rætt um mikilvægi þess að hanna sérstakt merki (lógó) fyrir byggðasamlagið. Afgreiðslu frestað.

4. 1601001 - Skólagjaldskrár 2016

Gjaldskrár leikskóla, útfærsla afsláttá, bókasöfn, mótuneyti.

Niðurstaða fundar:

Fyrir liggur tillaga til samþykktar að gjaldskrá fyrir Odda bs.

Gjaldskráin er samþykkt samhljóða

5. 1501020 - Þjónustusamningur um trúnaðarlækni og heilbrigðismál

Samningur við HSU

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45

[Til baka](#)

[Prenta](#)